



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

bjarni@thingeyjarsveit.is  
Re: Fw: Seyrulosunarsvæði á Hólasandi  
Sent: 27.03.2018 14:34:43 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030010, Bréfalyklar: 42-0 Ums  
almennt

Tilvísun í mál: 2018030010

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts og meðfylgjandi gagna frá Skútustaðahreppi, dags. 5. mars sl., þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er gefinn kostur á að koma með athugasemdir við skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Fyrirhugað er að koma upp aðstöðu til seyrulosunar á Hólasandi. Svartvatni (salernisskólpi) frá rekstraraðilum og stofnunum hreppsins verður safnað í lokaðan geymslutank og næringarefni úr svartvatninu endurnýtt til uppgræðslu.

Náttúrufræðistofnun telur að í skipulags- og matslýsingunni sé komið inn á flest það sem þarf að skoða ef fyrirhugaður rekstur/framkvæmdir eiga að ganga eftir. Helsta hættu af framangreindum rekstri er mengun. Í lýsingunni er komið inn á það að viðtakinn sé ekki talinn viðkvæmur, t.d. bls. 8, þar sem losun svartvatns sé í jarðveg, þétt og þykk jarðlög, og hverfandi líkur taldar á að mengun berist með grunnvatnsstreymi í Mývatn. Náttúrufræðistofnun telur að þar sem um er að ræða vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár þá sé eðlilegt að gerð sé krafa um að „staðhæfingar“ sem þessar byggji á raunverulegri úttekt og að svæði til uppgræðslu verði valin með hliðsjón af slíkri úttekt. Á þetta bæði við um jarðlög og grunnvatnsstreymi. Náttúrufræðistofnun telur að ekki eigi að nýta seyru til að styrkja uppgræðslu með framandi ágengum tegundum sem geta borist inn á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við erindið á þessu stigi málsins.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allra framangreindra lagagreina eftir því sem þær eiga við.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvarn og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,



Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS  
Dags: 05.03.2018 14:19:26  
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS  
Efni: Fw: Seyrulosunarsvæði á Hólasandi

---

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 05.03.2018 14:19 -----

From: Bjarni Reykjalín <bjarni@thingeyjarsveit.is>  
To: Skipulagsstofnun <skipulag@skipulag.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, Þorkell Björnsson <oggi@hne.is>, Rúnar Leifsson <runar@minjastofnun.is>, "ghg@vegagerdin.is" <ghg@vegagerdin.is>, 'Daði Lange Friðriksson' <dadi@land.is>, Ólafur Þröstur Stefánsson <olimyvafn@gmail.com>, Hella - Biggi og Steina Ósk <hella@hangikjot.is>, Gísli Sigurðsson <gisli@thingeyjarsveit.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "arnie@hi.is" <arnie@hi.is>, "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>, 'Þorkell Lindberg Þórarinnsson' <lindi@nna.is>  
Cc: Kristín S. Jónsdóttir <kristins@umhverfisstofnun.is>, Margrét Silja Þorkelsdóttir <margret.s.thorkelsdottir@vegagerdin.is>, Þórarinn Bjarnason <thorarinn@landsnet.is>  
Date: 05.03.2018 14:11  
Subject: Seyrulosunarsvæði á Hólasandi

---

Góðan dag.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps staðfesti eftirfarandi bókun skipulagsnefndar frá 26. febrúar á fund sínum 28. febrúar s.l.

## 7. Aðalskipulag Skútustaðahrepps. Breyting vegna seyrulosunarsvæðis á Hólasandi.

*S20180201*

Samkvæmt umbótaáætlun Skútustaðahrepps er fyrirhugað að koma upp aðstöðu til seyrulosunar á Hólasandi. Svartvatni (salernisskólp) frá rekstraraðilum og stofnunum hreppsins er safnað í lokaðan geymslutank við viðkomandi byggingu. Á Hólasandi er Landgræðsla ríkisins með ýmis landgræðsluverkefni í dag og þar verða næringarefni úr svartvatninu endurnýtt til uppgræðslu. Geymslutankurinn verður um það bil 2000 m<sup>3</sup> og um 5-6 m djúpur, hálf niðurgrafinn og yfirbyggður, til að varna því að fuglar og önnur dýr komist í hann. Til álita kemur að hafa geymslutankinn opinn líkt og víða í landbúnaði en slíkt fyrirkomulag er mun ódýrara. Fyrir liggja hugmyndir að staðsetningu á geymslutanknum og svæðum sem fyrirhugaða er að græða upp.

Vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda þarf að breyta Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 á þann hátt að skilgreint verði nýtt iðnaðarsvæði á Hólasandi fyrir fyrrgreinda starfsemi.

Lögð er fram skipulagslýsing skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagslýsingin verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

**Er þér hér með sem umsagnaraðila/hagsmunaaðila gefinn kostur á að tjá þig um meðfylgjandi skipulagslýsingu. Umsagnar/athugasemdarfrestur er til og með 28. mars n.k.**

Skipulagslýsing er send á eftirtalda aðila:

Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Minjastofnun Íslands

Vegagerðina

Landgræðsluna

Fjöregg

Landeigendur Grímsstaða

Þingeyjarsveit

Náttúrufræðistofnun Íslands

RAMÝ

Landsnet

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

F.h. Skútustaðahrepps,

**Bjarni Reykjalín**

**Skipulags- og byggingarfulltrúi**

Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Kjarna, 650 Laugar

Sími: 464 3339 / 895 3422

Netfang: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is)



180228-ASSKUTU-fraveita\_Holasandi-lysing-A4.pdf (Auglýst).pdf Skipulagslýsing auglýsing.docx